

Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: **Allsherjarnefnd**
Sendandi: **Dóms- og mannréttindaráðuneytið**
Dagsetning: **10.12.2009**
Málsnúmer: **DKM09020162**
Bréfalykill: **4.1**

Efni: Endurskoðun dómstólalaga nr. 15/1998

Ráðuneytinu hefur borist umsögn dómstólaráðs um frumvarp til breytinga á lögum um dómstóla. Í umsögninni er m.a. rakið efni bréfs dómstólaráðs til ráðuneytisins frá 11. febrúar 2009 þar sem fram kemur að dómstólaráð hafi lagt til að settur yrði á laggirnar starfshópur til að endurskoða dómstólalögin. Hafi dómstólaráð óskað eftir að eiga fulltrúa í þeim hópi og talið heppilegt að auk fulltrúa dómsmálaráðuneytis ætti fullrúi réttarfarsnefndar þar einnig sæti í ljósi þess að innan nefndarinnar hefði á liðnum árum verið unnið að ýmsum hugmyndum og tillögum að breytingum á dómstólalögum. Slíkt verklag mundi auk þess leiða til umtalsverðs tímasparnaðar í ljósi þess að ætlunin væri að leggja fram tillögur til breytinga á dómstólalögum sem til framkvæmda kæmu á árinu 2010 og væri því nauðsynlegt að verkinu miðaði hratt og vel áfram. Segir svo í umsögn dómstólaráðs: „Svo fór að þessi faglega nefnd eða starfshópur var aldrei sett á fót. Í lok júní fól dómsmálaráðherra réttarfarsnefnd að semja frumvarp til breytinga á lögnum og lauk því verki í fyrri hluta júlímánaðar. Ekki var mælt fyrir frumvarpinu á sumarþinginu, en það var lagt fram til kynningar 23. ágúst sl. Frumvarpið var síðan ekki rætt í fullskipuðu dómstólaráði fyrr en 19. október sl., en þann dag var efni þess jafnframt rætt við dómstjóra. Frumvarpinu var útbýtt til þingmanna 23. október sl. og mælt fyrir því 27. sama mánaðar...“

Af tilvitnuðum orðum má ráða að dómstólaráð hafi ekki að neinu leyti verið haft með í ráðum þegar skoðað var hverjar breytingar skyldi gera á dómstólalögnum í framhaldi af bréfi ráðsins til ráðuneytisins heldur hafi ráðuneytið einhliða tekið þá ákvörðun að fela verkið réttarfarsnefnd. Því vill ráðuneytið að fram komi að á tímabilinu 4. mars til 12. júní í ár voru haldnir þrjú fundir með starfsmönnum dómsmálaráðuneytisins og framkvæmdastjóra og formanni dómstólaráðs og einn fundur með starfsmönnum dómsmálaráðuneytis, framkvæmdastjóra og formanni dómstólaráðs og fulltrúa réttarfarsnefndar þar sem rædd voru málefni dómstólanna og breytingar á dómstólalögum þ.á m. hugmynd dómstólaráðs um sameiningu þeirra. Stóð ráðuneytið í þeirri trú að orðið hefði að samkomulagi milli aðila að réttarfarsnefnd yrði fengið það hlutverk að semja frumvarp til breytinga á dómstólalögum sem byggðist á þeim hugmyndum sem settar voru fram í bréfi dómstólaráðs frá 11. febrúar 2009 og því samráði sem farið hafði fram milli ráðuneytisins og dómstólaráðs í framhaldi af bréfi dómstólaráðs til ráðuneytisins.

Á fundi dómsmálaráðuneytisins og dómstólaráðs þann 7. þ.m. var m.a. rædd umsögn dómstólaráðs um frumvarpið. Kom fram á þeim fundi vilji beggja aðila til að skoða nánar ákvæði frumvarpsins með tilliti til umsagna um það og móta tillögur til breytinga á frumvarpinu sem senda mætti allsherjarnefnd til skoðunar.